

L Ö G

um

37
20. júní

breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885,
um stofnun landsbanka.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar 4. gr. í lögum 28. nóv. 1919 orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans og vikur þeim frá, hvortteggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Um verkaskifting milli aðalfjehirðis og fjehirðis fer eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Bankastjórar hafa að árslanum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót samtals aldrei nema meira en 24000 kr. handa hverjum þeirra.

Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi, reka sjálfir aðra atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

Bókari og aðalfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 krónur hvor, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 krónur upp í 6500 kr. Fjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 kr. upp í 6000 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 5000 krónur í mistalningarfje á ári, og ákveður bankastjórnin, hvernig mistalningarfjeð skiftist milli aðalfjehirðis og fjehirðis. Fjehirðarnir skulu setja hæfilegt veð, er ráðuneytið tiltekur.

Dýrtíðaruppbót þessara starfsmanna ákveður ráðuneytið, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar.

37
20. júní

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá 1. jan. 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

38
20. júní

L Ö G

um

verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.

Smjörlíki telst alt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.

Rjómalíki kallast feitiþafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu líkist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostalíki kallast ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá, sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta til-